



190. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal á Hótel Hengli föstudaginn 21. október 2011 kl. 13:30.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Jón Gestur Viggósson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir, Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður, Garðar Svansson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu: Friðrik Einarsson, Helga H. Magnúsdóttir og Hafsteinn Pálsson.

Fundinn sátu einnig sviðsstjórar stoðsviða ÍSÍ: Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, Jóna Hildur Bjarnadóttir sviðsstjóri Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ og Viðar Sigurjónsson sviðsstjóri Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ.

Þetta gerðist:

### 1. Fjárlagafrumvarp 2012

Framkvæmdastjóri fór yfir frumvarp til fjárlaga 2012 og lagði fram ýmsar samanburðartölur í því samhengi. Fundarmenn lýstu yfir vonbrigðum sínum með niðurskurð á þeim liðum er varða íþróttamál í frumvarpinu.

Forseta, gjaldkera og framkvæmdastjóra falið að gera minnispunkta um málið fyrir Formannafund ÍSÍ sem haldinn verður í nóvember nk., til kynningar fyrir formenn sambandsaðila. Gjaldkeri skýrði frá árangurslausum viðræðum við Reykjavíkurborg um niðurfellingu fasteignagjalda.

### 2. Ólympísk verkefni

Forseti kynnti tillögu Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ um Andra Stefánsson í hlutverk aðalfararstjóra á Vetrarólympíuleikum ungmenna í Innsbruck 2012 (YOWG 2012) og á Ólympíuleikum í London 2012.

Tillagan samþykkt.

#### **-Vetrarólympíuleikar ungmenna**

Andri Stefánsson kynnti tillögu sviðsins um keppendur á YOWG 2012. Undirbúningur gengur vel.

#### **-London 2012**

Andri Stefánsson fór yfir stöðu mála í undirbúningi fyrir London 2012. Tveir keppendur í frjálsíþróttum hafa tryggt sér rétt til keppni á leikunum; Ásdís Hjálmsdóttir í spjótkesti og Kári Steinn Karlsson í maraþoni. Fundur var haldinn með fulltrúum sérsambanda þann 19. október sl. Fundað er mánaðarlega með sérsamböndum í aðdraganda leikanna. Nú um helgina eru einnig svokallaðar VÍTAMÍN- fræðslubúðir, sem Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ heldur fyrir afreksíþróttafólk.

Örn Andrésson skýrði frá breyttum reglum varðandi boðspáttöku á Ólympíuleikum (Wild Card), en þessi möguleiki er ekki lengur í boði fyrir þátttakendur frá Íslandi þar sem fjöldi íslenskra þátttakenda á undanförunum leikum hefur farið yfir þann fjölda sem miðað er við.

#### **-Smáþjóðaleikar 2015**

Forseti fór yfir stöðu mála varðandi val á íþróttagreinum fyrir leikana sem haldnir verða hér á landi árið 2015. Lögð fram áskorun frá Fimleikasambandi Íslands ásamt fulltrúum Kýpur, San Marino, Luxemburg, Liechtenstein og Svartfjallalands um að keppt verði í fimleikum á leikunum 2015.

Mál þetta verður aftur á dagskrá á fundi framkvæmdastjórnar 10. nóvember næstkomandi. Framkvæmdastjóri skýrði frá ágætum fundi með formanni Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur, Evu Einarsdóttur vegna Smáþjóðaleika. Á fundinum kom fram að ekki væri

fyrirhugað að setja fjármuni til frekari uppbyggingar á íþróttamannvirkjum í aðdraganda leikanna.

### **3. Stefna í íþróttamálum**

Lögð fram nýútgefin stefna mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum. Íþróttanefnd ríkisins vann að undirbúningi að stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum í framhaldi af áfangaskýrslunni „Íþróttavæðum Íslands“.

Samþykkt að óska eftir kynningu frá ráðuneytinu á stefnunni í tengslum við Formannafund ÍSí.

### **4. Afmæli ÍSí 2012**

Örn Andrésson formaður Afmælisnefndar ÍSí skýrði frá undirbúningi afmælisins. Hann skýrði frá því að verið væri að vinna að ráðningu verkefnisstjóra fyrir afmælið og mikilvægt væri að hann hæfi störf sem allra fyrst.

Forseti sagði brýnt að vinna lista, í samstarfi við Heiðursáð ÍSí, yfir mögulegar heiðranir og boðslista í tengslum við viðburði á afmælisári.

### **5. Formannafundur ÍSí**

Eins og áður hefur komið fram verður fundurinn haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal föstudaginn 11. nóvember nk. kl. 16:30. Rætt um málefni til kynningar á Formannafundinum.

Óformlegur fundur héraðssambanda og íþróttabandalaga verður haldinn sama dag kl. 14. Búið er að óska eftir tillögum um fundarefni frá íþróttahéruðum.

### **6. Heiðranir**

Engar tillögur að heiðrunum lágu fyrir.

### **7. Fundargerðir:**

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 189. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráðs 13. október 2011
- Framkvæmdaráðs 20. október 2011
- Almenningsíþróttasviðs frá 11. október 2011
- Afreks- og Ólympíusviðs frá 5. október 2011
- 573., 574 og 575. fundar Íslenskrar getspar
- 5. og 6. fundur Íslenskra getrauna

### **8. Viðburðir framundan**

Farið yfir viðburði sem framundan eru á næstunni og til lengri tíma litið.

### **9. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí**

Næstu fundir framkvæmdastjórnar verða fimmtudaginn 10. nóvember og fimmtudaginn 8. desember og hefjast kl. 16:00.

### **10. Önnur mál**

*Val sveitarfélaga og íþróttahéraða á Íþróttamanni ársins*

Lagt fram minnisblað frá vinnuhópi sem skipaður var á óformlegum fundi héraðssambanda/íþróttabandalaga í tengslum við síðasta Formannafund ÍSí til að skoða val íþróttahéraða og sveitarfélaga á Íþróttamanni ársins. Ákveðið að kynna niðurstöður nefndarinnar á fundi íþróttahéraða 11. nóvember nk.

*Dagur gegn einelti*

Framkvæmdastjóri kynnti drög að sáttmála um baráttu gegn einelti. Fundarmenn beðnir að kynna sér drögin og senda tillögur/athugasemdir til Viðars Sigurjónssonar sviðsstjóra Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ.

*Ferðasjóður íþróttafélaga*

Samþykkt að nýta heimild í samningi um Ferðasjóð íþróttafélaga um taka fyrir umsýslukostnaði af úthlutun ársins 2011.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari